

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Icelandic Glacier Charr ehf. Ytri Tungu



Dags eftirlits	30.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Icelandic Glacier Charr ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Ytri Tungu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700710-0170	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Pórarinn Kristinsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða að viðbragðs- og neyðaráætlun eru ekki til staðar og að kvittunum fyrir urðun dauðfisks hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. Ein ábending var gerð varðandi frárennsli stöðvarinnar.

### UMFANG EFTIRLITS

Fiskeldisstöðin er ekki í rekstri og hefur rekstur legið niðri síðan í ágúst 2017 í kjölfar slys þegar nokkur þúsund seiði sluppu úr stöðinni og yfir í aðliggjandi lón.

Staðfest var að enginn fiskur er í stöðinni né önnur starfsemi. Vatn rennur enn í gegnum stöðina til að viðhalda búnaði en rekstraraðili hefur enn ekki tekið ákvörðun um framtíð stöðvarinnar. Hús voru læst en litið var inn um glugga seiðahúss og ekki var að sjá ummerki um að fiskur væri alinn þar inni.

Ekki er gerð athugasemd við frágang á lóðinni að svo stöddu en bent er á að óski rekstraraðili eftir niðurfellingu á starfsleyfinu þá þarf að senda erindi þess efnis til Umhverfisstofnunar á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) og einnig þarf að skila inn áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar en hún liggur ekki fyrir.

Starfsleyfið gildir til 7. nóv. 2023 og minnir eftirlitsaðili á að á meðan starfsleyfið er í gildi verður áfram farið í eftirlit í stöðina skv. eftirlitsáætlun og gjöld innheimt skv. gjaldskrá stofnunarinnar. Einnig er minnt á að ef breyting verður á eignarhaldi stöðvarinnar þá ber að sækja um handhafabreytingu á starfsleyfinu til Umhverfisstofnunar.

Tilkynna þarf til Umhverfisstofnunar áður en fiskur er aftur settur í stöðina og starfsemi hefst. Engar mælingar á frárennsli hafa verið gerðar en bent er á að þær skuli gera áður en rekstur hefst aftur í stöðinni.

Gengið var um lóð stöðvarinnar og ummerki eftir jarðrask skoðuð. Að sögn rekstraraðila hefur allur dauðfiskur sem urðaður var á lóðinni verið fjarlægður og komið fyrir á viðurkenndum urðunarstað. Kvittanir fyrir uðununinni hafa hins vegar ekki borist eftirlitsaðila.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.4 í starfsleyfi	Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur. Neyðaráætlun og viðbragðsáætlun eru ekki til staðar. Þetta frávik var einnig skráð í síðasta eftirliti og er því áfram staðfest.
Gr. 2.4 í starfsleyfi	Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar. Kvittanir vegna förgunar dauðfisks hafa ekki verið sendar eftirlitsaðila. Þetta frávik var einnig skráð í síðasta eftirliti og er því áfram staðfest.


### ATHUGASEMDIR

Ábending er gerð um að frárennsli stöðvarinnar samræmist ekki kröfum BAT skv. gr. 2.1 og gr. 2.6 í starfsleyfi og því þarf að gera ráðstafanir hvað það varðar, í samráði við eftirlitsaðila, áður en starfsemi hefst aftur í stöðinni.

Reykjavík, 28.09.2018

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir